ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ:

„Könnusteypirinn pólitíski“

Í KVÖLD sýnir Þjóðleikhúsið leikritið „Könnusteypirinn pólitíski“ eftir norsk-danska háðfuglinn Ludvig Holberg.


Bessi Bjarnason, Guðrún Þ. Stephensen og Þórhallur Sigurðsson eru í aðalhlutverkum í þessum gamanleik um pólitíska draumóramanninn sem stendur okkur Íslendingum svo nærri. Við sjáum í leiknum hvernig stjórnmálaframi getur farið með ágætustu menn, einkum þá ef þeir huga einungis að vegsemdinni en aldrei að vandanum sem fylgir.

Aðrir leikendur eru m.a. Árni Tryggvason, Sigríður Þorvaldsdóttir, Baldvin Halldórsson, Sigurður Skúlason, Þráinn Karlsson, Viðar Eggertsson, Þorsteinn Ö. Stephensen, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, Þóra Friðriksdóttir, Sigmundur Örn Arngrímsson, Edda Þórarinsdóttir o.fl. Leikstjóri er Hallmar Sigurðsson og leikmyndin er eftir Björn G. Björnsson.

Þá sýnir Þjóðleikhúsið annað kvöld Smalastúlkuna og útlagana og eru nú aðeins fáar sýningar eftir á því vinsæla leikriti; og kl. 15.00 á morgun verður ein af síðustu sýningunum á barnaleikriti Guðrúnar Helgadóttur, Óvitum.



Bessi Bjarnason, Þórhallur Sigurðsson og Guðrún Þ. Stephensen í hlutverkum sínum í „Könnusteypinum pólitíska“.



Guðmundur Björgvinsson við tvær mynda sinna á sýningunni í vestursal Kjarvalsstaða. Myndefni hans í þeim báðum er sótt til tvíburabræðranna sem túlka í kvöld með hreyfilist myndverk á sýningu Guðmundar og sagt er frá annars staðar hér á opnunni.

KJARVALSSTAÐIR:

Guðmundur Björgvinsson opnar sýningu

Í DAG opnar Guðmundur Björgvinsson myndlistarsýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Þar sýnir hann u.þ.b. 100 myndir, annars vegar 55 pastelteikningar og hins vegar 45 prentlita- og tússmyndir.

Guðmundur Björgvinsson er fæddur í Reykjavík 1954. Veturna 1974—76 var hann í Kaliforníu og stundaði nám í University of Redlands, jöfnum höndum í mannfræði, sálarfræði og myndlist. Þar fyrir utan hefur Guðmundur ekki stundað myndlistarnám, en veturinn 1977—78 sótti hann tíma í listasögu hjá Birni Th. Björnssyni í Háskóla Íslands. Guðmundur hefur áður haldið tvær einkasýningar í Reykjavík, 1976 í sal Arkitektafélagsins og 1978 í kjallara Norræna hússins. Hann hefur einnig haldið sýningar úti á landi og tekið þátt í samsýningum FÍM 1977, 79 og 80.

Stærstur hluti sýningarinnar í vestursal Kjarvalsstaða samanstendur af pastelteikningum af raunsæjum toga, þar sem viðfangsefnið er maðurinn í hinum margvíslegustu myndum, nakinn og klæddur. Prentlita- og tússmyndirnar eru meira í ætt við abstrakt, en þó má greina fígúrur í flestum þeirra.


— Þau vinnubrögð sem ég beiti í pastelmyndunum hafði ég þegar mótað er ég sýndi í Norræna húsinu í desember 1978, sagði Guðmundur. Þó má e.t.v. greina þar hægfara þróun í átt til nákvæmari og fínlegri vinnubragða. Prentlitamyndirnar komu hins vegar ekki fram hjá mér fyrr en á þessu ári þegar ég sýndi nokkrar slíkar á síðustu haustsýningu FÍM.

Textilhópurinn sýnir í Epal

Á FIMMTUDAGINN var opnuð sýning á tauþrykki í húsakynnum verzlunarinnar Epal að Síðumúla 20. Það er Textilhópurinn, sem stendur að þessari sýningu, en hann hefur verið starfandi í um það bil hálft ár, og er þetta jafnframt fyrsta sýning hans.


Félagar í þessum hópi eru þær Anna Matthildur Hlöðversdóttir, Heiða Björk Vignisdóttir, Hjördís Bergsdóttir, María Hauksdóttir, Ólöf Ingibjörg Einarsdóttir, Rannveig Gylfadóttir og Valgerður Torfadóttir. Þær hafa allar stundað 4—5 ára nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lokið burtfararprófum frá textildeild og vefnaðarkennaradeild. Tauþrykkið, sem er sérgrein þeirra allra, er um þessar mundir að ryðja sér mjög til rúms sem nytjalist, enda þykja handþrykkt verk lífga mjög upp á umhverfi manna, hvort sem er á heimili eða vinnustað.

Á sýningunni gefst gestum tækifæri að panta handþrykktar gardínur, rúllugardínur, sængurverasett eða lengjur, en Textilhópurinn hefur yfir að ráða fullkomnu og vel tækjum búnu verkstæði að Grettisgötu 16—18. Ennfremur verða verk þau, sem sýnd eru á sýningunni, til sölu gegn ívið lægra verði en ella. Sýningin stendur a.m.k. fram yfir mánaðamót.



Frá sýningu Textilhópsins í versluninni Epal Síðumúla 20.





Jean Simmons leikur Dominique, sem óttast að hún sé að missa vitið. Cliff Robertson leikur David, sem sér alls konar sýnir eftir dauða konu sinnar og þykist þess fullviss að hún sé afturgengin.

NÝJA BÍÓ:

Sýnir „Dominique“

Í GÆR frumsýndi Nýja bíó bandarísku kvikmyndina Dominique, með Cliff Robertson og Jean Simmons í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Micael Anderson. Handrit eftir Edward og Valerie Abraham. Tónlist eftir David Whitaker.

Þvingandi andrúmsloft ríkir á heimili Ballard-hjónanna. Dominique Ballard er ekki sterk á taugum og maður hennar, David, gerir lítið til þess að bæta ástandið. Hann fer ekki í launkofa með ávirðingar hennar en hún vill ekkert við þær kannast.

Dominique heldur því fram að hann sé að reyna að telja henni trú um að hún sé að missa minnið — og jafnvel vitið. David segir hins vegar við hálfsystur sína, Ann, sem er listakona og býr í litlu húsi á lóðinni, að Dominique verði að öðlast sjálfstraust á ný, það hafi beðið hnekki er hún varð fyrir því slysi árið áður að detta niður stiga.

David býður gestum til kvöldverðar á afmælisdegi Dominique til að gleðja hana og hressa. Það fer þó ekki alveg eins vel og David hafði gert sér vonir um.

Dominique verður sífellt taugaóstyrkari og dag nokkurn fyrirfer hún sér í músíkherberginu, þar sem hún hafði einkum fundið frið í pianóleik. En nú er sagan rétt að byrja: David hefur ekki lengið verið einn á báti, þegar hann þykist þess fullviss, að Dominique liggi ekki kyrr.

TÓNLIST:

Inger Wikström í Norræna húsinu

HINN þekkti sænski pianóleikari Inger Wikström heldur tónleika í Norræna húsinu á mánudagskvöld 24. nóvember og hefjast þeir kl. 20.30.

Inger Wikström stundaði nám í pianóleik í Stokkhólmi, Vínarborg og Lundúnum. Aðeins sextán ára að aldri kom hún fyrst fram með Fílharmóníuhljómsveit Stokkhólms, og kusu áheyrendur hana einleikara ársins 1961. Hún kom fyrst fram í London 1959 og í New York 1963 við góðan orðstír. Síðan hefur hún farið í langar hljómleikaferðir til flestra Evrópulanda, Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Suður-Ameríku, Ísraels og Kína. Hún hefur leikið á tónlistarhátíðum í Stokkhólmi, Dubrovnik, Spoleto og Vín. Árið 1977 stofnaði hún norrænan tónlistarskóla í Österkär, utan við Stokkhólm.

Þetta er í fyrsta skipti, sem Inger Wikström kemur fram á Íslandi, og á tónleikunum í Norræna húsinu leikur hún sónatínu eftir sænska tónskáldið Erland v. Koch og verk eftir Grieg og Sjostakovitsj og eftir hlé leikur hún ýmis þekktustu verk Chopins.

